



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is



Samantekt, **september 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, www.sfk.is

Styrkveitingar - vakin var athygli á að samkvæmt samþykkt hjá

Seyðisfjarðarkaupstað um framlög eða styrkveitingar þurfa aðilar, svo sem félög eða félagasamtök sem vilja sækja um styrki eða framlög við gerð fjárhagasáætlunar fyrir næsta ár, að skila inn skriflegri umsókn á bæjarskrifstofu þar að lútandi.

BRAS - setningarhátíð BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, var laugardaginn 8. september í Félagsheimilinu Herðubreið.

Alþjóðlegur forvarnardagur sjálfsvíga - vakin var athygli á því að sá dagur er 10. september.

70 ára Sundhöll - Seyðfirðingum og öðrum gestum var boðið til 70 ára afmælisveislu Sundhallarinnar laugardaginn 15. september. Margt um að vera, meðal annars upphituð laug, kaka og kaffi.

Haustþing leikskólakennara á Austurlandi - var haldið föstudaginn 14. september. Margt var um manninn en 200 leikskólakennarar og starfsfólk leikskóla á Austurlandi tóku þátt.

Huginn - átti að taka á móti Völsungi á Seyðisfjarðarvelli miðvikudaginn 19. september. Ekkert varð af leiknum þar sem Huginsmenn mættu á Seyðisfjarðarvelli en Völsungur mætti á Fellavöll.

Opið samspil - alla föstudaga í vetur verður boðið upp á opið samspil í listadeild Seyðisfjarðarskóla. Allir bæjarbúar eru velkomnir og ekkert þátttökugjald.

LungA Skólinn – hóf sitt 5. kennsluár mánudaginn 24. september. Nítján nemendur, meðal annars frá Íslandi, Danmörku og fleiri löndum eru nýkomnir í bæinn og verða hluti af bæjarmynd kaupstaðarins næstu 12 vikurnar.

Nýir Seyðfirðingar - Vilhjálmur fór í sína síðustu heimsókn til nýfæddra barna sem bæjarstjóri. Karítas Gæfa Lefever og foreldrar hennar voru heimsótt.

Sveitarstjórnarmál

Deiliskipulag - á fundi bæjarstjórnar þann 12. september síðastliðinn samþykkti bæjarstjórn að vinna deiliskipulagslýsingu fyrir svæðið við Hlíðarveg innan Dagmálalækjar og neðan við Múlaveg ásamt lóðunum nr 51 og 55 við Múlaveg.

Samstarf/sameining sveitarfélaga - á fundi bæjarstjórnar þann 12. september síðastliðinn samþykkti bæjarstjórn tilnefningu í hóp vegna viðræðna við sveitarfélög á þjónustusvæði Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs um samstarf og/eða sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Tilnefnd voru í hópinn: Elvar Snær Kristjánsson, Eygló Björg Jóhannsdóttir og Hildur Þórisdóttir. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa þegar haldið undirbúningsfund vegna málsins.

Fjarðarheiðargöng - á fundi bæjarstjórnar í september var lögð fram eftirfarandi ályktun Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um samgöngumál: Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar mikilvægi þess að tengja byggðir á Austurlandi með samgöngum til þess að rjúfa vetrareinangrun og efla framtíðarmöguleika svæðisins sem eins atvinnu- og þjónustusvæðis. Tryggja verður, á fjárlögum næsta árs, fjármagn til jarðganga undir Fjarðarheiði á milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar, sem er forgangsverkefni í jarðgangagerð á Austurlandi. Aðstæður í samgöngumálum til og frá Seyðisfirði á veturnum eru algjörlega óviðunandi, í því samhengi er rétt að minna á að Seyðisfjörður er landamæragátt að áfangastaðnum Austurlandi.

Þá þarf að ráðast í rannsóknir sem fyrst á gangakostum á milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar um Mjóafjörð. Lögð er áhersla á að við uppsetningu samgönguáætlunar og gerð fjárlaga verði jarðgangagerð og rannsóknir vegna þeirra fjármagnaðar með sérstökum hætti þannig að aðrar mikilvægar framkvæmdir í samgöngumálum landshlutans dragist ekki sökum fjárskorts. Næstu verkefni í jarðgangagerð á Austurlandi eru göng til að tengja annars vegar Borgarfjörð og hins vegar Vopnafjörð við miðsvæðið.

Bæjarstjórn samþykkti eftirfarandi tillögu vegna málsins:

„Bæjarstjórn samþykkir að senda alþingismönnum og samgönguyfirvöldum ályktunina til kynningar. Ályktunin undirstrikar svo að ekki verður um villst vilja um leiðarval, forgangsröðun og mikilvægi jarðgangagerðar undir Fjarðarheiði milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar eins og greinilega hefur komið fram á aðalfundum SSA á undanförunum árum. Bæjarstjórn samþykkir jafnframt að bjóða þingmönnum Norðausturs kjördæmis til fundar í kjördæmaviku í október 2018 á Seyðisfirði og að halda aðra fundi í kjördæmavikunni á Seyðisfirði.“

Fundur um gerð og rekstur jarðganga - bæjarstjórn hitti í lok sept. stjórnarmeðlimi og framkvæmdastjóra tveggja gangnafyrirtækja í Færeyjum, Vága- og Norðoyatunnilin. Þau sáu um gerð og rekstur tveggja neðansjávarganga í færeyjum Göngin eru rekin sem opinbert hlutafélag og færeyska ríkið er eini eigandi þeirra, að vissu leyti módel sem svipar til Vaðlaheiðarganga en þó ekki að fullu. Valgeir Bergmann framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga sat jafnframt fundinn.

Landsþing sveitarfélag - 32. landsþing sveitarfélaga var haldið á Akureyri 26.-28. september. Yfirskrift þingsins var Framtíðin er hér - ný stefnumörkun. Fulltrúi Seyðisfjarðarkaupstaðar á þinginu var Hildur Þórisdóttir forseti

bæjarstjórnar. Einnig sótti bæjarstjóri þingið. Halldór Halldórsson, formaður, setti landsþingið, að því búnu flutti Sigurður Ingi Jóhannesson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ávarp um framtíðarþróun sveitarstjórnarstigsins. Þá greindi Karl Björnsson, framkvæmdastjóri frá starfsemi sambandsins og stefnumótun og Gudrun Mosler-Törnström, forseti sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins ávarpaði þingið. Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi, flutti síðustu setningarræðuna, sem fjallaði um áhrif #MeToo fyrir sveitarstjórnarstigið.